

**Áskorun trúnaðarmannafundar kennara á félagassvæði Kennarafélags
Reykjanes
fimmtudaginn 18. janúar 2017**

Áskorun frá trúnaðarmönnum til sveitafélaga og til ráðherra menntamála.

Trúnaðarmenn krefjast þess að sveitarfélög blandi ekki saman málefnum er varðar aðbúnað kennara í skólum og kjaramálum kennara. Það er lágmarks krafa að sveitafélög sinni þessum þáttum eins og þeim ber að gera og engan veginn ásættanlegt að tengja saman aðbúnað við baráttu fyrir bættum starfskjörum.

Það er orðið tímabært að kennarar fái greitt fyrir alla þá aukavinnu sem kemur að nýju námsmati og það einfaldað svo kennurum gefist tími til að undirbúa kennslu. Námsmat tengt nýrri aðalnámskrá er illa skilgreint og óunnið. Auk þess er ætlast til þess að kennarar vinni þá vinnu sem menntamálastofnun og menntamálaráðuneytið ættu að vinna. Það er með öllu óforsvaranlegt. Hér eftir þarf fjármagn að fylgja allri aukavinnu sem lögð er á skóla.

Virðingarfyllst:

Trúnaðarmenn kennara í Hafnarfirði, Garðabæ, Grindavík, Reykjanesbæ, Garði, Sandgerði og Vogum á Vatnsleysuströnd

(Samrit sent á viðkomandi sveitarfélög, Menntamálastofnun, menntamálaráðuneyti og samband sveitafélaga)